

Ársskýrsla | 2013



Einkaleyfastofan
Icelandic Patent Office

Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	3
Gæðamál	4
Starfsemi sviða	5
Rekstrarsvið	5
Einkaleyfasvið	6
Vörumerkja- og hönnunarsvið	9
Faggildingarsvið	13
Ýmsir málaflokkar	14
Fræðslu- og kynningarmál	14
<i>Fræðslu – og kynnisferð til Ungverjalands</i>	14
Samstarf	16
<i>Samstarf um aðgerðir gegn brotum á hugverkaréttindum</i>	16
<i>Upplýsingasetur um einkaleyfi</i>	17
<i>Starfshópur um vernd vöruheita með uppruna- eða staðarvísun</i>	17
<i>Hagnýtingarverðlaun HÍ</i>	18
<i>Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda</i>	18
<i>FUVE</i>	18
<i>FEIS</i>	18
<i>PPH</i>	18
<i>EPO – Evrópska einkaleyfastofan</i>	19
<i>EPO Co-operation</i>	20
<i>Árlegur samráðsfundur EPO haldinn í Hörpu í júní 2013</i>	20
<i>EFTA</i>	22
<i>Evrópusambandið, OHIM – Liaison</i>	22
<i>Norrænt samstarf</i>	23
<i>Nordic Patent Institute</i>	23
<i>WIPO – Alþjóðahugverkastofnunin</i>	24
<i>Annað alþjóðlegt samstarf</i>	24
<i>Endurnýjun sammings við DKPTO - SPC</i>	24
Laga- og reglugerðabreytingar	25
Starfsmannamál	25
Árangursmat	26
Ársáætlun	26
Ársreikningur	26
Samanburður og skýringar	27

Ávarp forstjóra



Borghildur Erlingsdóttir,
forstjóri ELS

Starfsemi Einkaleyfastofunnar á árinu 2013 einkenndist af áherslu á innri starfsemi hennar, svo sem gæðamál, rafræna stjórnáslu, stefnumótun og leiðir til innleiðingar á stefnu stofnunarinnar.

Starfsmenn tóku virkan þátt í þessari vinnu, m.a. við innleiðingu á gæðastjórnunarkerfi stofnunarinnar. Innri úttekt var framkvæmd á veitingu einkaleyfa og skráningu vörumerkja og hönnunar. Sú vinna gekk vel og lauk með vottun á tilsettum tíma. Vottunin er mikilvægur áfangi og grunnur að þeirri vinnu sem tekur við í framhaldinu til að viðhalda skilvirknu gæðastjórnunarkerfi.

Einkaleyfastofan tók þátt í tveimur mikilvægum könnunum á árinu, önnur mældi þá þjónustu sem Einkaleyfastofan veitir og hin ánægju starfsmanna. Einkaleyfastofan átti frumkvæði að því að láta framkvæma fyrri könnunina, en hún sýndi mjög ánægjulegar og hvetjandi niðurstöður fyrir starfsemi og gaf góðar leiðbeiningar um það sem vel er gert og það sem betur má fara. Könnunin um Stofnun ársins, sem ætlað er að mæla ánægju allra starfsmanna á vinnustað, er framkvæmd árlega af SFR. Niðurstaða þeirrar könnunar var einnig mjög ánægjuleg og lenti Einkaleyfastofan í þriðja sæti yfir meðalstórar stofnanir. Niðurstaðan hvetur starfsmenn og stjórnendur til að vinna enn betur saman að því að skapa fyrirmyndarvinnustað og veita fyrsta flokks þjónustu þar sem gildi Einkaleyfastofunnar, fagmennska, þekking og traust, eru höfð að leiðarljósi. Niðurstöður í báðum þessum könnunum voru mjög jákvæðar enda skila ánægja og viðhorf starfsmanna til starfs sér í faglegri og bættri þjónustu við viðskiptavini.

Fjöldi umsókna var í samræmi við áætlanir ársins. Heildarfjöldi einkaleyfisumsókna jókst lítillega og er fjölgunin til komin vegna aukningar á staðfestum evrópskum einkaleyfum hér á landi. Einkaleyfisumsóknum íslenskra aðila hér á landi hefur því miður ekki fjölgað þrátt fyrir aukna kynningu og áherslu á mikilvægi nýsköpunar hér á landi. Vörumerkjaumsóknum fjölgaði einnig á árinu og er það vegna aukins fjölda alþjóðlegra umsókna hér á landi. Fjöldi hönnunarumsókna var sambærilegur því sem var á fyrra ári. Stöðug aukning í umsóknarfjölda á milli ára er jákvæð þó svo að hún sé ekki mikil.

Einkaleyfastofan fékk það hlutverk á árinu að undirbúa árlegan tveggja daga samráðsfund Evrópsku einkaleyfastofunnar (EPO) og aðildarríkja sem haldinn var á Íslandi í júní-mánuði. Forseti Evrópsku einkaleyfastofunnar kom til landsins í tilefni fundarins og átti fundi með forseta Íslands og atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra þar sem hann kynnti starfsemi og áherslu stofnunarinnar, ræddi almennt um mikilvægi hugverkaréttinda fyrir atvinnulíf og nauðsyn þess að ríki marki sér skýra stefnu í þessum málaflokki. Þá átti hann einnig fund með íslenskum hagsmunaaðilum sem þekkja vel starfsemi Evrópsku einkaleyfastofunnar og nýta sér þjónustu hennar.

Einkaleyfastofan hefur á síðustu árum lagt áherslu á kynningu stofnunarinnar fyrir aðila sem gætu nýtt sér þá þjónustu sem stofnunin býður upp á, svo sem frumkvöðla, uppfinningamenn, hönnuði og aðra sem eru að setja vöru á markað. Þá hefur stofnunin lagt sitt af mörkum til að vekja athygli á mikilvægi hugverkaréttinda í stærra samhengi og bent á mikilvægi þess að stjórnvöld móti skýra stefnu í málefnum er varða hugverkarétt. Megininntak slíkrar stefnumótunar er að stjórnvöld setji fram markmið varðandi eflingu og stuðning við sköpun í landinu og hvernig fara skuli með þau réttindi sem af þeirri sköpun leiða og tengja þannig saman atvinnulíf, rannsóknir og vísindi, háskólasamfélag og iðnað.

Hugverkaréttindi verða ekki til án sköpunar og þau eru í raun órjúfanleg afurð nýsköpunar og mikilvægur grunnur fjárfestinga atvinnulífsins.

Borghildur Erlingsdóttir
forstjóri, Einkaleyfastofunnar

Gæðamál

Undanfarin tvö ár hefur verið unnið markvisst að endurskoðun ferla og bættu verklagi og í desember náði Einkaleyfastofan þeim áfanga að hljóta vottun á gæðastjórnunarkerfi stofnunarinnar samkvæmt ISO:9001:2008 staðlinum. Staðallinn fjallar m.a. um ábyrgð stjórnenda, stjórnun auðlinda, uppbyggingu ferla í kringum framleiðslu og þjónustu, mælingar á starfsemi og hvernig frávik eru greind til þess að stuðla að sífelldum umbótum.

Vottunarstofan DQS veitti Einkaleyfastofunni vottunina og afhenti forstjóra skírteini þess efnis 20. desember 2013. Sú starfsemi sem vottunin tekur til er veiting einkaleyfa og skráning vörumerkja og hönnunar.

Stefna og gildi Einkaleyfastofunnar voru ennfremur kynnt á árinu en undirbúningsvinna og stefnumótun hófst á síðari helmingi ársins 2012. Stjórnunarteymi vann úr tillögum starfsmanna og setti fram áætlun með mælanlegum markmiðum og tímamörkum til tveggja ára eða til 1. janúar 2015. Starfsmenn komu sér saman um að gildi stofnunarinnar væru **fagmennska, þekking og traust** og að slagorðið **Skráð hugverk skapa verðmæti** væri best til þess fallið að lýsa tilgangi starfseminnar.



*Vottun á gæðastjórnunarkerfi Einkaleyfastofunnar samkvæmt ISO:9001:2008.
F.v. Páll Halldór Einarsson ráðgjafi, Elín R. Jónsdóttir gæðastjóri, Borghildur Erlingsdóttir forstjóri og Sigurður M. Harðarson frá DQS*

Starfsemi sviða

Fjögur svið eru starfrækt á Einkaleyfastofunni; rekstrarsvið, einkaleyfasvið, vörumerkja- og hönnunarsvið og faggildingarsvið. Sviðsstjórar sem heyra beint undir forstjóra stýra sviðunum. Undir forstjóra heyra einnig yfirlögfræðingur og gæðastjóri.



Skipurit Einkaleyfastofunnar 2012

Rekstrarsvið

Rekstrarsvið er þverfaglegt svið sem snertir flesta þætti starfseminnar. Rekstrarsvið annast rekstur og fjármál stofnunarinnar, móttöku umsókna og annarra erinda, skjalavörslu, tölvu- og tæknimál, bókasafn og innkaup. Undir sviðið heyra einnig endurmenntunar-, fræðslu- og kynningarmál sem og útgáfumál og vefsíða.

Meðal þeirra verkefna sem unnið var að á árinu má nefna undirbúning og greiningarvinnu vegna smíði nýrrar vörumerkjaskrár. Núverandi skrá var tekin í notkun árið 1997 og hefur að geyma upplýsingar um hátt í 100.000 vörumerki. Eiginleg smíði hófst í september en gert er ráð fyrir að ný skrá verði tekin í notkun á síðari hluta ársins 2014.

Áfram var unnið að innleiðingu rafrænnar skjalavistunar og í desember lágu fyrir drög að nýjum málalykli auk þess sem tæknileg lausn sem gerir rafræn skil möguleg var tilbúin. Vonir standa til að leyfi fyrir rafrænni skjalavistun liggja fyrir strax í byrjun árs 2014.

Í tengslum við samstarfsverkefni EPO og Google um vélþýðingapjónustu á einkaleyfum, *Patent translate*, var áfram unnið að því að koma íslenskum einkaleyfagögnum yfir á rafrænt form. Enn liggur fyrir nokkuð magn af eldri gögnum sem færa þarf yfir á rafrænt form en gert gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki á árinu 2014. Sá hluti þýðingapjónustunnar sem tekur til íslensku var opnaður í júní en ráðgert er að í lok árs 2014 muni þýðingavélin taka til allra 32 tungumála aðildarríkja samningsins um evrópsk einkaleyfi.

Í september var sett á laggirnar sérstakt starf vefstjóra en áður höfðu sviðsstjóri og kerfisstjóri í sameiningu sinnt viðhaldi vefsins ásamt öðrum störfum. Verkefni vefstjóra snúa að uppbyggingu, þróun og viðhaldi á vefsíðunni en í stefnu Einkaleyfastofunnar sem innleidd var á árinu er lögð áhersla á endurskoðun heimasíðu með hliðsjón af aukinni rafrænni upplýsingagjöf og þjónustu til viðskiptavina.



Bleikur dagur á Einkaleyfastofunni

Einkaleyfasvið

Einkaleyfasvið annast meðhöndlun einkaleyfisumsókna og útgáfu einkaleyfa. Einkaleyfastofan er móttökustofnun fyrir alþjóðlegar umsóknir og veitir evrópskum einkaleyfum gildi hér á landi. Þá sinna starfsmenn sviðsins ýmiss konar upplýsingagjöf og fræðslu til viðskiptavina, skóla og annarra hagsmunaaðila um einkaleyfakerfið, þ. á m. um helstu umsóknarleiðir.


Nokkrar breytingar urðu á starfsemi sviðsins á árinu 2013 eftir að einkaleyfaskráin var gerð aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar í árslok 2012. Fyrirspurnum um stöðu umsókna og einkaleyfa fækkaði umtalsvert frá því sem áður var eins og stefnt var að með opinni og aðgengilegri einkaleyfaskrá.

Umsóknum um landsbundin einkaleyfi fjölgaði lítillega milli ára. Alls bárust 46 umsóknir, þar af 33 frá íslenskum aðilum. Af þessum 46 umsóknum voru 39 með umboðsmann. Íslensku umsóknirnar 33 komu frá 19 aðilum. Sjö þeirra hafa ekki sótt um einkaleyfi áður.

Umsóknir sem héldu áfram í alþjóðlegt ferli (PCT/IS) voru fjórtán á árinu, sem er veruleg fækkun frá fyrra ári þegar þær voru 24. Aðeins ein umsókn af þessum fjórtán fór til Nordic Patent Institute (NPI) en hinar til Evrópsku einkaleyfastofunnar (EPO) til rannsóknar.

Þá fjölgaði beiðnum um gildistöku evrópskra einkaleyfa um 3,5% á milli ára, sem er sambærileg aukning og hjá EPO. Aukningin er þannig hægari milli ára en verið hefur á undanförunum árum og virðist vera komin í ákveðið jafnvægi. Í árslok var 3.291 evrópskt einkaleyfi í gildi á Íslandi.


Einkaleyfisumsóknir



Einkaleyfisumsóknir lagðar inn hjá Einkaleyfastofunni frá árinu 2009

EP-staðfestingar eiga flestar uppruna sinn í Bandaríkjunum eða um þriðjungur. Eitt evrópskt einkaleyfi sem staðfest var á Íslandi á árinu 2013 er í eigu íslensks aðila.


Upprunaland EP-staðfestinga 2013



Upprunaland EP-staðfestinga hjá Einkaleyfastofunni árið 2013

Veitt landsbundin einkaleyfi á árinu voru samtals 43, sem er umtalsverð fækkun frá fyrra ári, eða 8,5%. Yfir 80% þeirra eru í eigu erlendra aðila og er það heldur lægra hlutfall en á undanförunum árum. Meðaltími frá umsókn til veitingar til íslenskra aðila var 3,3 ár en 9,1 ár til erlendra. Á árinu 2013 voru 88 einkaleyfi felld úr gildi eða afskrifuð. Umsóknir felldar úr gildi eða afskrifaðar voru 93. Í árslok 2013 voru því 602 landsbundin einkaleyfi í gildi og voru þau að meðaltali 4,9 ára. Landsbundnar umsóknir í gildi í árslok 2013 voru 395 og voru þær að meðaltali 6,8 ára.


Veitt einkaleyfi



Veitt einkaleyfi hjá Einkaleyfastofunni frá árinu 2009

Eins og mörg undanfarin ár voru langflestar umsóknir í flokkunum *efnafræði* og *lyf* og á það sama við um útgefin einkaleyfi.

Flokkar íslenskra umsókna 2013




Efni umsókna hjá Einkaleyfastofunni árið 2013

Á árinu 2013 bárust Einkaleyfastofunni átján umsóknir um viðbótarvernd og er það 50% aukning frá fyrra ári. Veitt viðbótarvottorð á árinu voru aðeins fjögur, enda var beðið dóma Evrópudómstólsins í nokkrum málum sem stofnunin taldi að hefðu þýðingu við meðferð umtalsverðs fjölda umsókna. Í desember var gerð sú breyting á samningi stofnunarinnar við Dönsku einkaleyfastofuna að sú síðarnefnda annast nú rannsókn á þeim umsóknum um viðbótarvernd sem Einkaleyfastofan telur að krefjist meiri sérþekkingar en hún býr yfir.

Ein beiðni barst á árinu um endurveitingu réttinda til einkaleyfis en úrskurðað var í tveimur málum á árinu. Í báðum tilvikum var beiðni um endurveitingu réttinda hafnað. Einn úrskurður var kveðinn upp á árinu af áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar vegna umsókna um viðbótarvernd sem Einkaleyfastofan hafnaði árið 2009. Niðurstaða Einkaleyfastofunnar var staðfest.

Vörumerkja- og hönnunarsvið

Vörumerkja- og hönnunarsvið annast meðhöndlun umsókna og skráningu vörumerkja, hönnunar og byggðamerkja auk þess að veita upplýsingar um þessa málaflokka.



Vörumerkjaumsóknir sem borist hafa Einkaleyfastofunni frá árinu 2008

Umsóknir um vörumerki voru samtals 3.718 á árinu 2013 en 3.551 árið á undan. Umsóknum fjölgaði því lítillega eða um tæp 5%. Alþjóðlegar umsóknir voru 2.585 en landsbundnar umsóknir voru 1.133. Landsbundnar umsóknir eru þær umsóknir sem lagðar eru beint inn til Einkaleyfastofunnar ýmist af einstaklingum, fyrirtækjum eða umboðsmönnum hérlandis. Alþjóðlegu umsóknirnar berast Einkaleyfastofunni frá Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO) í gegnum Madrid-skráningarkerfið.

Landsbundnum umsóknum fækkaði um 11% samanborið við árið 2012. Landsbundnar umsóknir í eigu erlendra aðila voru 527 og fækkaði töluvert eða um 13% í samanburði við árið á undan en umsóknir í eigu aðila sem búsettir eru á Íslandi voru 606 og fækkaði minna eða um rúm 9%. Alþjóðlegum umsóknum fjölgaði um 13,5% en þær voru 2.585 árið 2013 en 2.277 árið þar á undan. Alþjóðlegum umsóknum frá íslenskum aðilum, þ.e. svokölluðum ISMP-umsóknum, fækkaði lítillega og voru 111 miðað við 122 árið 2012.




Skráð vörumerki hjá Einkaleyfastofunni frá árinu 2008

Vörumerkjaskráningar voru samtals 3.284 á árinu 2013. Landsbundnar skráningar voru samtals 1.067 en alls voru 2.217 alþjóðlegar skráningar samþykktar.

Vörumerkjaskráningar má endurnýja á tíu ára fresti og má geta þess að elsta vörumerkið sem er í gildi hér á landi var skráð árið 1909.

Í lok árs 2013 voru tæplega 55.000 vörumerkjaskráningar í gildi á Íslandi, þar af um 6.800 í eigu aðila sem búsettir eru á Íslandi. Andmæli sem bárust Einkaleyfastofnunar vegna vörumerkjaskráninga fækkaði verulega og voru andmælamála þrettán árið 2013 miðað við 25 árið á undan. Þá var 10 málum áfrýjað til Áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Af þeim 10 málum sem áfrýjunarnefnd úrskurðaði í á árinu 2013 var í fimm tilvikum fallist á niðurstöðu Einkaleyfastofnunar, fjórum ákvörðunum var hnekkt að fullu og einni að hluta.

Einkaleyfastofnan hefur sett sér það markmið að skráningarferli umsókna um vörumerki, þar sem ekki koma til formgallar og/eða höfnun, sé ekki lengra en tíu vikur. Meðferð landsbundinna umsókna var vel innan þessara tímamarka eða ríflega sjö vikur en meðferð alþjóðlegra umsókna tók að meðaltali tíu vikur. Þá er það markmið stofnunarinnar að svartími rökstuðningsbréfa sé að meðaltali átta vikur. Þetta markmið náðist ekki, en meðaltalið var níu vikur.




Endurnýjun vörumerkja frá árinu 2010

Heildarfjöldi endurnýjaðra vörumerkja á árinu 2013 var 2.436 samanborið við 2.424 árið 2012.

1.054 landsbundnar skráningar voru endurnýjaðar og 1.382 alþjóðlegar.

Vörumerkjaskráningar eftir upprunalandi



Vörumerkjaumsóknir eftir upprunalandi árið 2013 (fleiri en 100 umsóknir pr. land)


Flestar umsóknir um vörumerki bárust frá Bandaríkjunum eða 686. Umsóknir frá Þýskalandi og Sviss voru tæplega 300 frá hvoru landi fyrir sig. Alls bárust 243 umsóknir frá Norðurlöndunum, flestar frá Svíþjóð eða 96. 185 umsóknir bárust frá Kína og 133 frá Japan.

Hönnun

Hönnunarumsóknum fækkaði lítillega frá fyrra ári eða um tæp 3% og bárust samtals 118 umsóknir á árinu 2013 miðað við 121 árið þar á undan. Þar af bárust 87 umsóknir frá WIPO í gegnum alþjóðlegt skráningarkerfi sem byggir á Haag samningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar. Alþjóðlegum umsóknum hefur fjölgað á hverju ári frá því fyrstu umsóknirnar bárust stofnuninni árið 2005. Tæplega 60 lönd eru nú aðilar að alþjóðlega skráningarkerfinu og eru Danmörk, Noregur og Finnland þeirra á meðal. Evrópusambandið er einnig aðili að kerfinu. Landsbundnar umsóknir í eigu Íslendinga voru 28 og fækkaði þeim um tvær frá árinu 2012.


Landsbundnum umsóknum erlendra aðila fækkaði um helming, úr sex í þrjár.

Hönnunarumsóknir



Umsóknir um skráningu hönnunar sem borist hafa Einkaleyfastofnunni frá árinu 2008

Tveir aðilar hér á landi nýttu sér milligöngu Einkaleyfastofunnar við að leggja inn hönnunarumsókn í gegnum alþjóðlega skráningarkerfið sem er sami fjöldi og árið á undan. Í báðum tilvikum var óskað eftir skráningu í Evrópusambandinu og Noregi.



Skráð hönnun hjá Einkaleyfastofunni frá árinu 2008

Samanlagður fjöldi skráðrar hönnunar var 117 árið 2013 en 131 árið þar á undan. Skráningarnar eru birtar í ELS-tíðindum og eru birtar allar þær myndir sem umsókninni tilheyra. Meðhöndlunartími umsókna, ef öll gögn liggja fyrir, er að meðaltali fjórar vikur.

Faggildingarsvið

Faggildingarsvið – ISAC er sjálfstætt starfandi svið innan Einkaleyfastofunnar og starfar samkvæmt lögum um faggildingu nr. 24/2006 og staðlinum ÍST EN ISO/IEC 17011 Samræmismat – Almennar kröfur vegna faggildingarstofa sem faggilda samræmismatsstofur.

Faggilding er mat á hæfni prófunar-, skoðunar- og vottunarstofa til að meta samræmi við tæknilegar kröfur sem eru m.a. tilgreindar í reglugerðum og/eða stöðlum. Faggilding má ekki vera háð samkeppni vegna þess hlutverks hennar að tryggja að ekki sé vikið frá stöðlum er varða samkeppni milli aðila sem láta í té vörur og þjónustu. Faggilding er starfrækt alþjóðlega og miðar að því að vara sem er prófuð, skoðuð eða vottuð í einu landi af faggildum aðila sé viðurkennd í öllum löndum þar sem faggilding er starfrækt. Í Evrópu eru starfandi faggildingarstofur í meira en 40 löndum.

Á faggildingarsviði ISAC er einn starfsmaður sem sér um daglegan og faglegan rekstur sviðsins. Við framkvæmd faggildingarmats og/eða faggildingareftirlits ræður sviðið til sín tæknilega matsmenn eða sérfræðinga til aðstoðar við mat á samræmi á tæknilegum kröfum. Faggildingarsvið er í samstarfi við SWEDAC-faggildingarstofuna í Svíþjóð um mat á nokkrum prófunarstofum. Á árinu voru 47 virkar faggildingar. Prófunarstofur voru alls sjö á sviði matvæla, lögmaðlifræði og klínískra mælinga, tvær vottunarstofur, annars vegar á sviði lífrænnar framleiðslu og hins vegar vottunarstofa sem vottar stjórnkerfi, og 38 skoðunarstofur fyrir ökutæki, ökurita, skip, raforkuvirki, leiksvæði, lyftur og markaðseftirlit. Í lok ársins varð ljóst að ein faggilding vegna skipaskoðunar og önnur vegna markaðseftirlits yrðu felldar niður að beiðni skoðunarstofanna.

Í júní 2013 var reglugerð Evrópusambandsins númer 765/2008 um faggildingu og markaðseftirlit innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr. 566/2013. Það hefur í för með sér töluverðar stefnumótunar- og skipulagsbreytingar á faggildingarsviðinu.

Allt skipulagt eftirlit með faggiltum aðilum fór fram samkvæmt áætlun.

Einkaleyfastofan er fullgildur aðili að European co-operation for Accreditation (EA) og voru tveir aðalfundir samtakanna sóttir á árinu sem og fundur fastanefndar um marghliðasamkomulag. Aðrir EA-fundir voru ekki sóttir á árinu.

Ýmsir málaflokkar

Fræðslu- og kynningarmál

Einkaleyfastofan kom að ýmsum viðburðum í tengslum við fræðslu- og kynningu á hugverkaréttindum á árinu. Nemendur úr Iðnskólanum í Hafnarfirði og nemendur úr Listaháskóla Íslands sóttu Einkaleyfastofuna heim á vormánudögum og hlýddu á fyrirlestra um hugverkaréttindi. Þá voru haldnir sérsniðnir fyrirlestrar fyrir nemendur í lögfræði við Háskólann í Reykjavík, efna-, lífefna- og efnaverkfræðinema við Háskóla Íslands og meistara- og doktorsnema í næringar- og matvælafræði við sama skóla. Þá tók Einkaleyfastofan þátt í Vísindavöku Rannís í september og kynnti þar starfsemi og þjónustu sína.

Alþjóðlegur dagur hugverkaréttar var haldinn hátíðlegur í Hörpu undir yfirskriftinni Creativity next generation – Hugverk framtíðar. Tæplega 80 manns sátu málstofu sem Einkaleyfastofan stóð fyrir í tilefni dagsins en framsögumenn voru Sindri Páll Sigurðsson hönnuður hjá Össur, Jón Eðvald Vignisson frá Clara, Eyrún Eggertsdóttir frá RÓRÓ og Daddi Guðbergsson framkvæmdastjóri E4. Að auki kom Jón Jónsson tónlistarmaður fram en fundarstjóri var Andri Snær Magnason rithöfundur.



Frá alþjóðlegum degi hugverkaréttar í Hörpu

Í nóvember stóðu Einkaleyfastofan og Alþjóðahugverkastofnunin (WIPO) fyrir málstofu undir yfirskriftinni Seminar on WIPO services and initiatives. Á málstofunni var þjónusta WIPO kynnt og einstaklingum og fyrirtækjum kynntir þeir möguleikar sem þeim standa til boða á vernd hugverka á alþjóðavísu. Hátt í 90 manns sóttu málstofuna. Fyrirlesarar voru þrír fulltrúar frá WIPO: Víctor Vázquez, Matthew Bryan og Ásta Valdimarsdóttir en auk þeirra tóku til máls Borghildur Erlingsdóttir forstjóri Einkaleyfastofunnar, Einar Karl Friðriks-son frá Árnason Faktor, Magnús Haukur Magnússon frá Sigurjónsson & Thor og Ásdís Kristmundsdóttir sviðsstjóri vörumerkja- og hönnunarsviðs Einkaleyfastofunnar.



Fyrirlesarar málstofunnar Seminar on WIPO services and initiatives sem haldin var 22. nóvember. Fr. Víctor Vázquez, Magnús Haukur Magnússon, Ásdís Kristmundsdóttir, Matthew Bryan, Borghildur Erlingsdóttir, Einar Karl Friðriksson og Ásta Valdimarsdóttir

Í kjölfar málstofunnar áttu fulltrúar WIPO og Einkaleyfastofunnar fund með fulltrúum frá Íslandsstofu, Samtökum iðnaðarins, Samtökum atvinnulífsins og Impru þar sem starfsemi WIPO var kynnt sérstaklega.

Fræðslu – og kynnisferð til Ungverjalands

Starfsmenn Einkaleyfastofunnar heimsóttu Ungversku einkaleyfastofuna (HIPO) dagana 1. – 5. maí og fengu kynningu á starfsemi stofnunarinnar ásamt þeim verkefnum sem hún sinnir varðandi fræðslu á sviði hugverkaréttar. Ferðin heppnaðist mjög vel og höfðu starfsmenn bæði gagn og gaman af. Það var samröma álit starfsmanna að það sé mikilvægur liður í starfi þeirra að fá að kynnst starfsemi annarra stofnana sem vinna að sömu málefnum og fá þannig nýjar hugmyndir til að efla eigið starf heima við. Stofnanirnar eiga margt sameiginlegt en á sama tíma er margt ólíkt í starfsemi þeirra. Starfsmenn HIPO héldu kynningar fyrir starfsmenn Einkaleyfastofunnar þar sem farið var yfir helstu sérkenni stofnunarinnar og verkefni, fóru með starfsmenn í skoðunarferð um húsakynni stofnunarinnar ásamt því að bjóða til hádegisverðar þar sem starfsmenn stofnananna fengu tækifæri til að styrkja böndin sín á milli og skiptast á skoðunum og hugmyndum.



Starfsfólk Einkaleyfastofunnar í virðulegri byggingu sem hýsir Ungversku einkaleyfastofuna

Samstarf

Samstarf um aðgerðir gegn brotum á hugverkaréttindum

Einn fundur samstarfshóps sem vinnur að aðgerðum gegn brotum á hugverkaréttindum var haldinn á árinu. Á fundinum var m.a. farið yfir spurningalista frá EU Observatory on Infringement of Intellectual Property Rights um helstu áherslur íslenskra hagsmunaaðila um aðgerðir gegn brotum á hugverkaréttindum. Samstaða var innan hópsins um að efla þyrfti fræðslu og kynningu á sem flestum stöðum, auka samstarf hagsmunaaðila og bæta úrræði til að geta með einföldum hætti lokað vefsíðum sem gera út á það að stunda viðskipti með falsaðan varning.



Samkomulag um samstarf Einkaleyfastofunnar og OHIM

EU Observatory on Infringement of Intellectual Property Rights hélt tvo samstarfsfundi á árinu þar sem fulltrúum Evrópusambands og EFTA-ríkja var boðið að taka þátt. Lögfræðingur á Einkaleyfasviði sótti fund sem haldinn var í Dublin í apríl og forstjóri sótti fund sem haldinn var hjá OHIM í Alicante í október. Á sama tíma ritaði forstjóri undir samstarfssamning á milli OHIM og Einkaleyfastofunnar.



Frá heimsókn starfsmanna Einkaleyfastofunnar til Ungversku einkaleyfastofunnar

Upplýsingasetur um einkaleyfi

Einkaleyfastofan er með samstarfssamninga við IMPRU og Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands um rekstur upplýsingasetra um einkaleyfi.

Upplýsingasetrin á Íslandi eru hluti af tengslaneti upplýsingasetra (e. PATLIB network) sem er samstarf Evrópsku einkaleyfastofunnar (EPO) við einkaleyfastofur aðildarríkja evrópska einkaleyfasamningsins (EPC) og upplýsingasetrin í aðildarríkjunum. EPO veitir ýmsa styrki til stuðnings starfseminni og má m.a. nefna að einn starfsmaður Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands sótti PATLIB-ráðstefnu sem haldin var í München í maí.

Starfshópur um vernd vöruheita með uppruna- eða staðarvísun

Starfshópur sem skipaður var af atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra á síðari hluta ársins 2012 til þess að undirbúa lagasetningu um vernd heita afurða sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu, vann á árinu að gerð frumvarps sem gert er ráð fyrir að lagt verði fram árið 2014. Frumvarpið var birt til umsagnar á vef atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins í júlí en við samningu þess var einkum tekið mið af reglugerð Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 115/2012 frá 21. nóvember 2012 um gæðakerfi fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli. Lögfræðingur vörumerkjasviðs var fulltrúi Einkaleyfastofunnar í þessari vinnu.

Hagnýtingarverðlaun HÍ

Hagnýtingarverðlaun HÍ voru veitt við hátíðlega athöfn þann 21. nóvember. Samkeppnin um hagnýtingarverðlaunin er samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Tæknigarðs, Einkaleyfastofunnar og Árnason Faktor, en markmið keppinnar er að stuðla að hagnýtingu verkefna og nýsköpunar innan skólans og verðlauna þær tillögur sem skara fram úr.

Alls barst 21 tillaga í samkeppnina af flestum fagsviðum skólans og valdi dómnefnd þrjú verkefni sem hún taldi hlutskörpust. Fyrstu verðlaun voru veitt fyrir verkefnið „Verkfræðileg hönnun á efnahvötum: Áburður framleiddur á hagkvæmari hátt“. Egill Skúlason lektor við Raunvísindadeild stendur að verkefninu ásamt Younes Abghoui, Önnu Garden, Valtý Frey Hlynssyni, Snædís Björgvinsdóttur og Hrefnu Ólafsdóttur. Önnur verðlaun hlaut verkefnið „Meðferð gegn blásýrueitrun“ en að verkefninu stendur Sigríður Guðrún Suman dósent við Raunvísindadeild. Þriðju verðlaun hlaut verkefnið „Þorskaslóð, þverfræðilegt frumkvæði í ferðaþjónustu“ en að verkefninu standa Ragnar Edvardsson og Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir sem bæði starfa við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum.

Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda

Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda, sem er fyrir nemendur í 5. – 7. bekk, var haldin á vordögum og lauk henni með vinnusmiðju og úrslitadegi í lok maímánaðar. Fjölmargar hagnýtar og skemmtilegar hugmyndir bárust í keppnina og voru verðlaun veitt í fjórum flokkum, þ.e. fyrir uppfinningar, útlits- og formhönnun, landbúnað og tölvur- og tölvuleiki. Einkaleyfastofan er einn af samstarfsaðilum keppninnar og var sviðsstjóri einkaleyfasviðs einn af dómurum keppninnar.

FUVE

Tveir samráðsfundir voru haldnir með stjórn FUVE, Félags umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa. Fyrri fundurinn var haldinn í mars og sá seinni í september. Á fundunum var m.a. rætt um aðgerðir vegna vöru- og þjónustulista í kjölfar dóms Evrópudómstólsins í máli nr. C-307/10, svonefndu IP Translator-máli, nýja vörumerkjaskrá, breytingar á verkferlum og tölfræði.

FEIS

Einkaleyfastofan fundaði með stjórn FEIS, Félags einkaleyfasérfræðinga í október. Á fundinum var m.a. farið yfir fyrirhugaðar breytingar hjá Evrópsku einkaleyfastofunni, s.s. breytingar á gjöldum og hlutunarumsóknir. Þá hélt yfirlögfræðingur stutt erindi á fundi félagsins í nóvember þar sem nánar var fjallað um fyrirhugaðar breytingar á regluverki EPO (e. Implementing Regulations) og samstarfssamningnum um einkaleyfi (e. Patent Cooperation Treaty – PCT) á árinu 2014.

PPH

Nokkrar breytingar urðu á samstarfssamningum Einkaleyfastofunnar varðandi flýtimeðferð einkaleyfisumsókna (PPH) undir árslok en þá gerðist stofnunin aðili að samkomulagi 17 ríkja sem nefnt hefur verið Global Patent Prosecution Highway (GPPH). Samstarfið gekk í gildi þann 6. janúar 2014 og gerir jafnt íslenskum umsækjendum sem og umsækjendum frá þeim löndum sem aðilar eru að samstarfinu kleift að sækja um flýtimeðferð í aðildarríkjunum.

Um er að ræða bæði landsbundið PPH-samstarf sem og PCT-PPH og miðar samstarfið að því að einfalda ferli vegna flýtimeðferða enn frekar. Einkaleyfastofan hefur frá árinu 2011 verið í sambærilegu samstarfi við Bandarísku (USPTO) og Japönsku (JPO) einkaleyfastofurnar, en þar sem þau ríki eru hluti af GPPH tekur það samstarf yfir þá samninga sem fyrir voru.

Á árinu hófust jafnframt viðræður við Kína um PPH-samstarf og standa vonir til þess að samstarf um flýtimeðferð hefjist milli ríkjanna um mitt ár 2014.

EPO – Evrópska einkaleyfastofan

Þátttaka Einkaleyfastofunnar í starfsemi EPO fer að mestu leyti fram í framkvæmdaráði og fjármálanefnd sem og í tveimur ráðgefandi nefndum, laganeftnd og tæknineftnd.

Framkvæmdaráð (e. Administrative Council) fundaði fjórum sinnum á árinu. Forstjóri og sviðsstjóri rekstrarsviðs sóttu fundina. Á fundunum eru teknar ákvarðanir um mál sem afgreidd hafa verið úr fjármálanefnd og öðrum nefndum en einnig eru þar teknar ákvarðanir um önnur mál sem varða starfsemi EPO. Málefni og réttindi starfsmanna voru áberandi á fundum ráðsins og í júní samþykkti framkvæmdaráð reglur varðandi verkfalls- og veikindarétt. Nýju reglunum er ætlað að skerpa á réttindum starfsmanna og tryggja þeim samþæfileg réttindi og almennt tíðkast hjá öðrum alþjóðlegum stofnunum.

Þrjú fundir voru haldnir í fjármálanefnd (e. Budget and Finance Committee) en fundina sótti sviðsstjóri rekstrarsviðs. Allar fjárhagslegar skuldbindingar EPO koma til afgreiðslu nefndarinnar, þar með talið fjárhagsáætlanir, gjaldskrármál og ýmsir samningar. Eitt af umfangsmestu málum í starfsemi EPO síðustu ára kom til umfjöllunar nefndarinnar á árinu en það snýr að byggingu nýs skrifstofu- húsnaðis í Haag. Nefndin samþykkti áætlun sem lögð var fram í kjölfar hönnunarsamkeppni og útboðs. Í framhaldinu veitti framkvæmdaráð samþykki sitt fyrir framkvæmdunum. Unnið var að undirbúningi framkvæmdanna á seinni hluta ársins en gert er ráð fyrir að byggingin verði tekin í notkun í árslok 2016.

Einn fundur var haldinn í laganeftnd EPO (e. Committee on Patent Law) á árinu og sóttu fundinn lögfræðingur einkaleyfasviðs og yfirlögfræðingur. Á fundinum voru einkum ræddar fyrirhugaðar breytingar á þremur ákvæðum reglugerðarinnar (e. Implementing Regulations), þ.e. reglum 36 og 38 varðandi hlutunarsóknir og reglu 103 varðandi áfrýjun. Lagt var til að horfið yrði frá 24 mánaða fresti til að hluta evrópskar einkaleyfisumsóknir sem innleiddar voru árið 2009 og að þess í stað væri hægt að hluta umsókn hvenær sem væri á líftíma hennar. Hins vegar var lagt til að gert yrði ráð fyrir endurgreiðslu áfrýjunargjalds að hluta ef óskað væri eftir að áfrýjun yrði dregin til baka eftir framlagningu rökstuðnings. Tillögurnar voru samþykktar á fundum fjárlaganefndar og síðar framkvæmdaráðs EPO og koma til framkvæmda 1. apríl 2014.

Tveir fundir voru haldnir á árinu í tæknineftnd EPO (e. Technical and Operational Support Committee). Enginn fulltrúi frá Einkaleyfastofunni sótti fyrri fundinn en sá síðari var sóttur af sviðsstjóra einkaleyfasviðs og yfirlögfræðingi. Á fundinum var einkum farið yfir stöðu einstakra verkefna sem EPO hefur ráðist í í samstarfi við aðildarríkin. Ber þar hæst svokallað vélþýðingarverkefni (e. Patent Translate) sem Einkaleyfastofan hefur tekið þátt í en íslenska varð hluti af þýðingarvélinni á árinu. Verkefnið hefur gengið vonum fram og er gert ráð fyrir að árið 2014 verði einkum nýtt til að auka við umfangið og gera gæðaprófanir. Þá voru gæða- og öryggismál innan EPO einnig til umræðu, sem og samtenging gagnagrunna aðildarríkjanna (e. deep-linking) og aukinn áhugi aðildarríkjanna á notkun nýja flokkunarkerfisins (CPC), sem þróað var í samvinnu EPO og Bandarísku einkaleyfastofunnar (USPTO) árið 2012 og innleitt af báðum stofnunum þann 1. janúar 2013.

EPO Co-operation

Samstarf Einkaleyfastofunnar og EPO var með svipuðum hætti og fyrri ár. Í mars sótti sviðsstjóri einkaleyfasviðs upplýsingafund um stöðu helstu samstarfsverkefna EPO og aðildarríkjanna, s.s. vélþýðingarverkefnið, stuðning við EQE-prófið, fyrirhuguð námskeið Akademíu EPO, ráðstefnur o.fl.

Alls sóttu fimm starfsmenn Einkaleyfastofunnar námskeið og ráðstefnur EPO erlendis, til dæmis almennt námskeið um hugverkarétt fyrir ríkisstarfsmenn (e. The Essentials of IP for Governmental Officials) og námskeið um helstu gagnagrunna EPO. Þá voru sex starfsmenn viðstaddir árlegan samstarfsfund stofnunarinnar sem haldinn var í Reykjavík í júní í nánú samstarfi við Einkaleyfastofuna.



Frá árlegum samráðsfundi EPO sem haldinn var í Hörpu

Árlegur samráðsfundur EPO haldinn í Hörpu í júní 2013

Árlegur samráðsfundur aðildarríkja EPO eða 7th Annual Meeting on Co-operation var haldinn í Hörpu dagana 11. og 12. júní. Af þessu tilefni komu til landsins fulltrúar allra 38 aðildarríkja EPO. Fundurinn stóð yfir í tvo daga en endapunktur hans var ferðalag um Suðurlandið þar sem gestir fóru m.a. Gullna hringinn undir leiðsögn fararstjóra og borðuðu kvöldverð á Stokkseyri.

Fundurinn, sem hófst á ávarpi Borghildar Erlingsdóttur forstjóra Einkaleyfastofunnar, stóð yfir í einn og hálfan dag og lauk með ávarpi forstjóra EPO Benoît Battistelli. Á fundinum voru samstarfsmál EPO og aðildarríkjanna rædd og farið var yfir stöðu helstu verkefna, þjálfun, endurmenntun og upplýsingaskipti. Megináhersla var lögð á umræðu um tæknilausnir EPO, s.s. vinnslu nýs umsóknarkerfis (OLF) og lausnir sem stuðla að auknu aðgengi notenda að upplýsingum um einkaleyfisumsóknir og veitt einkaleyfi. Aðildarríkin deildu reynslu sinni af innleiðingu og notkun helstu tæknilausna og hélt Elín R. Jónsdóttir gæðastjóri kynningu á þeirri vinnu sem fram fór á Einkaleyfastofunni við að gera einkaleyfaskrá aðgengilega á vefsíðu stofnunarinnar.



Frá fundi iðnaðar- og viðskiptaráðherra.
Raimund Lutz,
Benoît Battistelli,
Ragnheiður Elín Árnadóttir
og Borghildur Erlingsdóttir



Á Bessastöðum. F.v. Gilles Requena, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Borghildur Erlingsdóttir, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, Benoît Battistelli og Raimund Lutz

Forstjóri EPO, Benoît Battistelli, kom til landsins í tilefni fundarins. Átti hann fund með Ragnheiði Elínu Árnadóttur iðnaðar- og viðskiptaráðherra annars vegar og Ólafi Ragnari Grímssyni forseta Íslands hins vegar. Á fundi með ráðherra var rætt um mikilvægi hugverkaréttinda á sviði iðnaðar og þess að ríki hafi skýra stefnu á því sviði. Á fundinum á Bessastöðum með forseta Íslands var áfram rætt um mikilvægi hugverkaréttinda almennt. Að því loknu var tekið á móti forstjóra EPO í höfuðstöðvum deCODE þar sem forstjórinn og fylgdarlið hans fengu fróðlega kynningu á fyrirtækinu og í kjölfarið var fundað með forstjóra fyrirtækisins, Kára Stefánssyni og fulltrúum í stjórn FEIS.

EFTA

Tveir fundir voru haldnir í hugverkanefnd EFTA í Brussel á árinu en á fundunum sitja sérfræðingar EFTA-ríkjanna á öllum sviðum hugverkaréttar. Þar gefst gott tækifæri fyrir fulltrúa Einkaleyfastofunnar til þess að fá og miðla upplýsingum til fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Fyrri fundurinn var haldinn 3. júlí 2013 og voru meginumfjöllunarefni hans annars vegar tillögur að endurskoðun bæði reglugerðar og tilskipunar um vörumerki, sbr. skjöl nr. COM/2013/0162 og COM/2013/161 og hins vegar framvinda við innleiðingu svæðisbundins einkaleyfis (e. Unitary Patent) og dómstólasamnings, auk áhrifa sem þessi skipan mála mun hafa á veitingu viðbótartvöðva (e. Supplementary Protection Certificates - SPC). Á sviði höfundaréttar bar hæst alþjóðasamningur um aukið aðgengi sjónskertra að höfundavörðu efni sem undirritaður var í Marrakesh undir lok júní.

Á síðari fundinum sem haldinn var 3. desember 2013 var einkum rætt um fyrirhugaðar athugasemdir EES/EFTA-ríkjanna við tillögu að nýrri tilskipun um vörumerki og innleiðingu á reglugerð nr. 1901/2006 um lyf fyrir börn, en Norðmenn höfðu á fertugasta fundi EES-ráðsins tilkynnt að þeir samþykktu að sektarheimildir samkvæmt reglugerðinni yrðu í höndum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) í stað aðildarríkjanna. Beðið er eftir upplýsingum um afstöðu Íslands svo málið geti farið til afgreiðslu hjá sameiginlegu EES-nefndinni.

Evrópusambandið OHIM – Liaison

Í október undirrituðu forstjóri Einkaleyfastofunnar og forstjóri OHIM (Office of Harmonization in the Internal Market) samkomulag um aukið samstarf milli stofnananna. Samkomulagið miðar að því að efla samstarf stofnananna á mismunandi sviðum, s.s. með þátttöku Íslands í *TMview*, *DesignView* og *TMclass*. Samkomulagið miðar einnig að auknu samstarfi varðandi þjálfun og fræðslu, aukinni samræmingu á meðferð vörumerkja- og hönnunarumsókna og aðgerðum gegn brotum á hugverkarétti.

Líkt og undanfarin ár sótti Einkaleyfastofan fasta samráðsfundi OHIM. Sviðsstjóri vörumerkja- og hönnunarsviðs, ásamt lögfræðingum sviðsins og yfir-lögfræðingi sóttu samráðsfundi um vörumerki í júní og október og sviðsstjóri sótti samráðsfund um hönnun í nóvember. Þá sótti sviðsstjóri vörumerkja- og hönnunarsviðs einnig samráðsfund vegna tæknimála í mars. Í ljósi þess að Ísland varð formlega umsóknarríki um inngöngu í ESB árið 2011 greiddi OHIM ferðakostnað vegna fundanna.

Norrænt samstarf

Einkaleyfastofan starfar í náninni samvinnu við Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin, þ.e. Noreg, Danmörku, Svíþjóð og Finnland, sem og Eistland, Lettland og Litháen. Forstjórar funda sérstaklega einu sinni á ári en vinnuhópar vegna einkaleyfa, vörumerkja og hönnunar að jafnaði einu sinni til tvisvar yfir árið.

Forstjóri sótti forstjórafund sem haldinn var í Lettlandi í maí. Á þeim fundi var farið yfir stefnur og annað sem hæst ber hjá einkaleyfastofunum sem og áherslur og mikilvægi í einstaka málefnum á alþjóðlegum vettvangi. Þar má nefna stöðu þessara þjóða varðandi möguleikann á sameiginlegu einkaleyfakerfi og einkaleyfadómstól innan Evrópu.

Að þessu sinni var enginn fundur haldinn um einkaleyfi en einn fundur var haldinn í Helsinki í júní varðandi vörumerki og hönnun. Lögfræðingur á vörumerkja- og hönnunarsviði sótti fundinn. Á fundinum var einkum farið yfir drög að nýrri tilskipun Evrópusambandsins um samræmingu á lögum aðildarríkja um vörumerki. Löndin deildu skoðun sinni á drögunum og upplýsingum um möguleg áhrif tilskipunarinnar auk þess sem áhrif og mikilvægi einstakra ákvæða í tillögunni voru rædd.

Í september var haldinn fundur í Kaupmannahöfn um þjónustuveitur og markaðssetningu hjá einkaleyfastofum Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Svíðsstjóri rekstrarsviðs sótti fundinn en tilgangur fundarins var að skiptast á upplýsingum um stefnu í markaðsmálum og mögulegt samstarf skrifstofanna á því sviði. Samstarf á þessu sviði milli þessara landa hefur ekki farið fram áður.

Nordic Patent Institute

Starfsemi Nordic Patent Institute (NPI) var með svipuðu sniði og síðustu ár. Við stofnunina starfa forstjóri og aðstoðarforstjóri en að öðru leyti byggir stofnunin starfsemi sína á þeim mannauði sem þegar er til staðar í einkaleyfastofum aðildarríkjanna, þ.e. Danmerkur, Íslands og Noregs.

Stjórn NPI fundaði reglulega á árinu og fóru fundirnir að jafnaði fram í gegnum fjárfundabúnað. Þá var tveggja daga stefnumótunar- og stjórnarfundur haldinn í Osló í nóvember þar sem rætt var um helstu áherslur í starfseminni og áætlunargerð næsta árs.

Tveir fundir voru haldnir í markaðshópi á árinu, sá fyrri í Kaupmannahöfn og sá seinni í Reykjavík.

WIPO – Alþjóðahugverkastofnunin

Fimmtugasta og fyrsta allsherjarþing WIPO var haldið dagana 23. september til 2. október 2013. Fundinn sóttu forstjóri og yfirlögfræðingur. Á þinginu, sem almennt er haldið einu sinni á ári, er farið yfir starfsemi WIPO í heild, áætlanir, helstu verkefni og fjármál en auk þess eru lagðar fram til samþykkis breytingar á þeim samningum sem nefndir aðildarríkjanna hafa unnið að og stofnunin hefur umsjón með. Meðal annars voru samþykktar breytingar á ákvæðum PCT-samningsins sem varða annars vegar skyldu til viðbótarrannsókna (e. top-up searches) og hins vegar að skrifleg álitserð (e. Written Opinion) verði aðgengileg við 18 mánaða birtingu eins og önnur gögn í stað þess að vera haldið leyndri fram að yfirfærslu.

Ekki tókst að ljúka öllum þeim málum sem lögð voru fyrir þingið í september og var því boðað til aukabings, fimmtugasta og annars þings, dagana 10. – 12. desember 2013. Fundinn sótti yfirlögfræðingur. Þau mál sem eftir stóðu voru fjárhagsáætlun fyrir árið 2014–2015, ákvörðun um stofnun annarra skrifstofa (e. external offices) og um hvort boða ætti til ráðstefnu stjórnarereindreka (e. diplomatic conference) um innleiðingu á alþjóðasamningi um hönnun.

Tveir nefndarfundir á vegum WIPO voru sóttir á árinu, annar var um hönnun en hinn vörumerki. Sviðsstjóri vörumerkja- og hönnunarsviðs og yfirlögfræðingur sóttu fundina.

Annað alþjóðlegt samstarf

Forstjóri og sviðsstjóri rekstrarsviðs þáðu boð Kínversku einkaleyfastofunnar (SIPO) um heimsókn í apríl. Rætt var m.a. um mikilvægi þess að skiptast á upplýsingum sem geta nýst báðum stofnunum og fyrirhugaðan samning um flýtimeðferð einkaleyfisumsókna (PPH). Þá fengu íslensku fulltrúarnir sérstaka kynnisferð um Kínversku einkaleyfastofuna og helstu starfshætti hennar.

Fulltrúar Kínversku einkaleyfastofunnar (SIPO) heimsóttu Einkaleyfastofuna í júlí í fylgd sendiherra Kína á Íslandi, Hr. MA Jisheng. Á fundinum var skipst á upplýsingum um starfsemi stofnananna auk þess sem rædd voru fyrirbyggjandi drög að samstarfssamningi um flýtimeðferð vegna einkaleyfisumsókna (PPH).

Endurnýjun samnings við DKPTO - SPC

Einkaleyfastofan hefur um árabíl verið í samstarfi við Dönsku einkaleyfastofuna (DKPTO) um rannsóknir á einkaleyfisumsóknum. Í árslok 2013 var samningurinn endurnýjaður til næstu tveggja ára og er með honum innleidd sú nýjung að DKPTO mun jafnframt taka að sér rannsókn á umsóknum um viðbótarvernd (e. Supplementary Patent Certificate – SPC) í þeim tilvikum sem Einkaleyfastofan metur það nauðsynlegt. Fjöldi umsókna um viðbótarvernd hefur aukist síðastliðin ár og standa vonir til þess að með þessari viðbót við samninginn muni afgreiðsla slíkra umsókna taka skemmri tíma en áður.

Laga- og reglugerðabreytingar

Engar breytingar urðu á árinu á þeim lögum sem Einkaleyfastofan starfar eftir, þ.e. lögum um einkaleyfi, vörumerki, hönnun eða faggildingu. Reglugerð Evrópusambandsins nr. 765/2008 um faggildingu og markaðseftirlit var innleidd hér á landi, sbr. framangreint, en auk þess voru smávægilegar breytingar gerðar á reglugerð nr. 477/2012 um einkaleyfi, sbr. reglugerð nr. 938/2013, þ.e. 18., 21., 37. og 96. gr. Einkum var um leiðréttingar á orðalagi að ræða en 2. mgr. 96. gr. reglugerðarinnar varðandi gildistíma viðbótarvottorða var breytt á þann veg að upphafsdagur verndar skuli miðast við daginn á undan þeim sem svarar til gildisdags en lokadagur fylgi þeim dagafjölda sem vottorð gildir.

Starfsmannamál

Starfsmannavelta var svipuð og undanfarin ár en starfsmenn Einkaleyfastofunnar voru 28 í árslok. Einn starfsmaður fór í fæðingarorlof á árinu og tveir starfsmenn komu úr fæðingarorlofi. Þá komu tveir starfsmenn aftur til starfa í september að loknu eins árs námsleyfi. Tveir starfsmenn létu af störfum á árinu og tveir nýir starfsmenn voru ráðnir til starfa, báðir tímabundið. Að auki voru tveir sumarstarfsmenn ráðnir til starfa.

Starfsmenn sóttu endurmenntun af ýmsu tagi á árinu en eitt af meginmarkmiðum Einkaleyfastofunnar er að starfsmenn geti viðhaldið og aukið við faglega þekkingu sína með sí- og endurmenntun. Allir starfsmenn sóttu námskeið í þjónustustjórnun og starfsmenn rekstrarsviðs sóttu tungumálanámskeið, skjalavörslunámskeið og vefsíðunámskeið svo eitthvað sé nefnt. Starfsmaður einkaleyfasviðs sótti sérsniðið leitarnámskeið á vegum EPO og starfsmaður vörumerkja- og hönnunarsviðs sótti almennt námskeið um hugverkarétt hjá OHIM en námskeiðið var samstarfsverkefni OHIM og EPO. Í tengslum við innleiðingu gæðakerfis sóttu þrír starfsmenn námskeið í innri úttektum og forstjóri og sviðsstjórar sóttu stjórnendanám af ýmsu tagi.

Árangursmat

Ársáætlun

Í fjárlögum ársins 2013 voru 206 m.kr. ætlaðar til reksturs stofnunarinnar, fjármögnunin skyldi annars vegar vera innheimt af ríkistekjum, 203 m.kr., og hins vegar greidd úr ríkissjóði, 3 m.kr., vegna faggildingar. Í samþykktri rekstraráætlun var hins vegar gert ráð fyrir heildarrekstrarkostnaði að upphæð 268 m.kr. og heildartekjum að upphæð 270 m.kr., þar af 3 m.kr. frá ríkissjóði vegna faggildingar. Gert var ráð fyrir að nýta uppsafnað eigið fé stofnunarinnar til að koma til móts við mismun rekstrargjalda og fjárheimildar.

Óska þarf eftir heimild til að nýta uppsafnað eigið fé þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir því að rekstrartekjur séu hærri en rekstrargjöld. Er það vegna þess að fjárlög gera ekki ráð fyrir þeim tekjum og gjöldum sem áætlanir stofnunarinnar gera ráð fyrir.

Ársreikningur

Helstu tölur úr rekstri Einkaleyfastofunnar árið 2013 má sjá í töflunni hér að neðan.

	Rauntölur 2013 m.kr.	Áætlun 2013 m.kr.
Tekjur		
Rekstrartekjur	270.419.705	257.500.000
Sértekjur	6.249.851	9.700.000
Tekjur samtals:	276.669.556	267.200.000
Gjöld		
Rekstrargjöld	298.241.776	268.000.000
Gjöld samtals:	298.241.776	268.000.000
Tekjur umfram gjöld	-21.572.220	-800.000
Framlag úr ríkissjóði	3.000.000	3.000.000
Hagnaður / tap ársins	-18.572.220	2.200.000

Helstu niðurstöður úr rekstri Einkaleyfastofunnar árið 2013

Samanburður og skýringar

Líkt og undanfarin ár var fjárheimild stofnunarinnar samkvæmt fjárlögum talsvert lægri en samþykkt rekstraráætlun. Fjárlögin endurspeгла ekki raunverulegt rekstrarumhverfi stofnunarinnar en hér er um að ræða vanda sem hefur verið til staðar í nokkurn tíma.

Tekjur ársins 2013 voru hærri en rekstraráætlun gerði ráð fyrir. Heildartekjur stofnunarinnar námu 277 m.kr. en í rekstraráætlun var gert ráð fyrir að tekjur næmu 267 m.kr. Rekstrartekjur námu 270 m.kr. en líkt og síðustu ár var stærsti einstaki tekjuliður stofnunarinnar tilkominn vegna alþjóðlegra vörumerkjaumsókna og -endurnýjana. Tekjur vegna einkaleyfa héldu áfram að aukast samhliða auknum fjölda EP-staðfestinga hér á landi. Sértekjur stofnunarinnar voru 6,3 m.kr. en þær skýrast að stærstum hluta af endurgreiðslum frá Evrópsku einkaleyfastofnuninni (EPO) fyrir útlögðum ferðakostnaði vegna funda og endurmenntunar starfsmanna.

Rekstrarkostnaður stofnunarinnar var nokkuð hærri en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun eða 298 m.kr. Meginskýringin liggur í auknum launakostnaði vegna starfsmannabreytinga á faggildingarsviði og aukinni aðkeyptri þjónustu í tengslum við smíði nýrrar vörumerkjaskrár og innleiðingu gæðakerfis.

Ef rekstur faggildingar er undanskilinn frá öðrum rekstri stofnunarinnar má þó telja að reksturinn hafi gengið vel og að hann hafi verið í góðu samræmi við áætlanir. Rekstrargjöld faggildingar voru nokkuð hærri en áætlun gerði ráð fyrir en áætlunin miðaði að því að ný og endurbætt gjaldskrá tæki gildi á árinu en af því varð ekki.

Tap ársins nam 18,6 m.kr. og var tapinu mætt með uppsöfnuðu eigin fé stofnunarinnar.

